

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 8/2013

Kæra Friðjóns Björgvins Gunnarssonar á ákvörðun Neytendastofu 18. október 2013.

1. Þann 15. maí 2014 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 7/2013: Kæra Friðjóns Björgvins Gunnarssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 24/2013 frá 18. október 2013. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 10. nóvember 2014, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 24/2013 frá 18. október 2013, um að ekki sé ástæða til aðgerða vegna kvörtunar kæranda yfir nánar tilgreindum ummælum Sigurðar Þórs Helgasonar, fyrirsvarsmanns vefsíðunnar www.iPhone.is, um kæranda og heimasíðu hans, www.buy.is. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og Sigurði Þóri ákveðin viðurlög vegna ummælanna, með vísan til 1. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 18. desember 2012 kvartaði kærandi yfir nánar tilgreindum ummælum Sigurðar Þórs Helgasonar á internetinu um kæranda og fyrirtæki hans. Í bréfinu er tekið fram að kærandi sé fyrirsvarsmáður vefsíðunnar www.buy.is en Sigurður Þór fyrirsvarsmáður www.iphone.is. Með ákvörðun Neytendastofu frá 28. nóvember 2012 (47/2012) hafi því verið slegið föstu að Sigurður hefði viðhaft ólöglegt ummæli um kæranda og fyrirtæki hans. Hafi Sigurði verið bannað að viðhafa slíka viðskiptahætti og tekið fram að færi hann gegn banninu væri viðbúið að tekin yrði ákvörðun um viðurlög á grundvelli IX. kafla laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Þrátt fyrir þessa áminningu hafi Sigurður Þór haldið uppteknum hætti á vefsvæðinu vaktin.is dagana 12. 15. desember 2012 með ummælum og umfjöllun um kæranda undir dulnefninu „zobbah“ dagana. Þess sé krafist að Sigurði Þóri verði ákveðin hæfileg viðurlög vegna framangreindra réttarbrota. Bréfi kæranda fylgdu útprentanir af vefsvæðinu vaktin.is, þar sem fram koma ummæli undir áðurgreindu dulnefni.
5. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 16. janúar 2013, var Sigurði kynnt framkomið erindi og honum boðið að koma að athugasemdum sínum eða skýringum. Svar barst með bréfi lögmanns Sigurðar, dags. 26. janúar 2012. Þar er fyrst tekið fram að kvörtun kæranda sé

önnur kvörtunin sem berist Neytendastofu vegna ummæla Sigurðar Þórs á vefsvæðinu vaktin.is. Með ákvörðun Neytendastofu 28. nóvember 2012 (47/2012) hafi Sigurður verið fundinn sekur um brot á 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 vegna persónulegra ummæla sem hann hafði látið falla um persónu kæranda á vefsvæðinu vaktin.is í mars 2012. Umrædd lagaákvæði og lögín í heild taki til „hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu“, og sé hugtakið „viðskiptahættir“ í skilningi laganna skilgreint sem „markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu“, sbr. 6. töluliður 3. gr. laganna.

6. Sigurður Þór fái ekki skilið hvernig hann, sem einstaklingur, geti hafa gerst brotlegur við lögín með því einu að hreyta persónulegum ónotum í annan einstakling á spjallþræði fyrir einstaklinga á vaktin.is. Þótt Sigurður Þór hafi á sínum tíma ákveðið að kæra ekki fyrri ákvörðun Neytendastofu sé hann enn þeirrar skoðunar að stofnunin hafi misskilið markmið laga nr. 57/2005, þ.á m. tilgreind grundvallarákvæði 1. og 3. gr., og ranglega fundið hann sekan um óréttmæta viðskiptahætti.
7. Sökum hinnar óljósu kæru og óvissu Sigurðar Þórs um hvað honum sé nú gefið að sök fagni hann því að samkvæmt bréfi Neytendastofu lúti rannsókn þessa máls að „kvörtun Friðjóns B. Gunnarssonar vegna ummæla Sigurðar Þórs Helgasonar“. Það sé breyting frá hinu fyrra máli þar sem Neytendastofa hafi rætt um „kvörtun vegna óréttmætra viðskiptahátta www.iphone.is í garð www.buy.is“, enda ljóst að málið tengist ekki viðkomandi heimasíðum með nokkrum hætti. Því telji Sigurður að tilvísun kæranda til heimasíðanna sé byggð á misskilningi og beri að skoða sem markleysu. Muni eftirfarandi skýringar og athugasemdir Sigurðar taka mið af þessu.
8. Sigurður Þór eigi og reki fyrirtækið Frameworkz ehf. Eins og áður segi fái hann ekki skilið tilvísun kæranda til heimasíðanna www.iphone.is og www.buy.is, en þykist vita að kærandi reki netverslun sem hann hafi sjálfur tengt við fleiri en eitt einkahlutafélag undanfarin misseri. Sigurður Þór hafi stjórnarskrárvarinn rétt til skoðana-, tjáningar- og málfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 11. gr. laga nr. 97/1995. Að því gefnu, að kærandi vilji nú beita fyrir sig Neytendastofu til að skerða það tjáningarfrelsi, vegna skriflegra ummæla á vaktin.is dagana 12. – 15. desember 2012, og einnig að því gefnu að til greina komi að Neytendastofa taki sér slíkt vald að skerða tjáningarfrelsi einstaklings, skuli m.a. tekið fram að einstaklingurinn Sigurður Þór hafi skráð sig inn á vaktin.is undir nafninu „zobbah“ og skrifað þar umrædd ummæli á áðurstofnuðum spjallþræði fyrir einstaklinga.
9. Tilefnið hafi verið umfjöllun á mbl.is 6. desember 2012 um fyrrgreinda ákvörðun Neytendastofu nr. 47/2012, en áður hafi Sigurður Þór rætt við Matthildi Sveinsdóttur hjá Neytendastofu og fengið þær upplýsingar að honum væri heimilt að ræða á vaktin.is allt sem varðaði staðreyndir. Í framhaldi hafi Sigurður fært inn á vefsvæðið 12. desember kl. 10:03 staðreyndir um nafn og kennitölu kæranda, sem og nafn og kennitölu Netverslunar ehf.,

hlutafélags í eigu kæranda. Séu þær upplýsingar í senn réttar og öllum opnar á veraldarvefnum. Sama dag kl. 01:28 hafi Sigurður Þór upplýst réttilega að búið væri að gera árangurslaust fjárnám hjá þremur nafngreindum einkahlutafélögum í eigu Netverslunar ehf. og einnig réttilega að Netverslun ehf. hefði stofnað önnur þrjú nafngreind einkahlutafélög. Megi einnig nálgast sömu upplýsingar á veraldarvefnum. Loks hafi Sigurður Þór rætt um að samkvæmt gildandi lögum sé auðvelt fyrir einkahlutafélög að fá fyrirgreiðslu hjá ríkinu, en væntanlega megi fá sömu upplýsingar með einu símtali við embætti tollstjóra.

10. Hinn 13. desember 2012 kl. 21:46 hafi Sigurður Þór fært inn á vefsíðuna sem svar við skrifum annars netverja að gott væri að vita að til stæði að breyta lögum til að koma í veg fyrir „svona ófögnuð“, en ef það takist verði „sumir að breyta sínu viðskiptamódeli eða hætta í bransanum“. Hinn 14. desember sama ár hafi Sigurður Þór skrifað á vefsvæðið að hann hefði undir höndum sundurliðun á kröfum sýslumanns; sennilega þrjár árangurlausar fjárnámsgerðir vegna ógreiddra aðflutningsgjalda þriggja fyrirtækja í eigu Netverslunar ehf. Sömu upplýsingar, sem séu réttar, megi hæglega nálgast á internetinu eða hjá tollstjóra.
11. Loks hafi Sigurður skrifað, sem svar við skrifum annars netverja, 15. desember sama ár kl. 01:17 hver væri launakostnaður og framlegð í atvinnurekstri Sigurðar Þórs árið 2011. Hafi hann nefnt að fyrirtækið hefði styrkt fötluð börn og að reksturinn stæði ekki undir sér. Sigurður hafi og getið þess að hann hefði orðið pirraður þegar ónefndur samkeppnisaðili hefði vænt hann opinberlega um okur og kallað verslun hans okurbúllu. Hafi hann réttilega tekið fram að reksturinn gengi betur ef hann þyrfti ekki að greiða aðflutningsgjöld samkvæmt lögum, en að því gefnu væri ekkert mál að bjóða hagstæðara verðið til neytenda og græða sjálfur pening. Sigurður hafi þó tekið skýrt fram að hann myndi aldrei feta þá braut.
12. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 1. febrúar 2013, var kæranda boðið að koma að frekari athugasemdum sínum. Ekkert svar barst frá kæranda og með bréfi dags, 12. mars 2013, tilkynnti stofnunin kæranda að gagnaöflun málsins væri lokið og yrði það tekið til ákvörðunar.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

13. Hinn 18. október 2013 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 24/2013. Þar var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðgerða í málinu. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst vikið að kvörtun kæranda og sjónarmiðum aðilanna. Þá er efni 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 rakið. Í ákvörðuninni segir síðan að hlutverk vefsíðunnar vaktin.is, þar sem ummæli Sigurðar Þórs um kæranda hafi birst, sé fyrst og fremst að auðvelda neytendum að bera saman verð og gæði tölvubúnaðar. Á vefsíðunni sé einnig spjallborð þar sem skráðir notendur hennar geti sent inn spjallþræði um ýmis málefni og geti aðrir notendur svarað þeim. Til þess að geta sent inn spjallþræði eða svara spjallþræði þurfi einstaklingar að vera skráðir notendur, en síðan sé þó opin öllum til aflestrar.

14. Neytendastofa telji að miða verði við að ummæli Sigurðar hafi verið sett fram vegna rekstrar hans í samkeppni við Buy.is. Í athugasemdum Sigurðar á spjallþræðinum sé til þess vísað að það að þurfa ekki að greiða aðflutningsgjöld með kennitölubrellum myndi styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja. Telji Neytendastofa þetta benda til þess að ummælin hafi verið sett fram í samkeppnislegum tilgangi. Þó verði ekki talið að ummæli Sigurðar á Facebook-síðu annars einstaklings séu sett fram í samkeppnislegum tilgangi, en birting ummæla á slíku heimasvæði sé að jafnaði ekki aðgengilegt öllum. Beri því að telja að hin umkvörtuðu ummæli Sigurðar Þórs á Facebook-síðu annars einstaklings falli ekki undir lög nr. 57/2005.
15. Með lögum nr. 57/2005 sé ekki komið í veg fyrir að fyrirtæki tjái sig um keppinauta sína eða viðskiptahætti þeirra, en í þeim séu þó settar ákveðnar skorður við að slíkt sé gert með ósanngjörnum hætti eða þannig að vegið sé að keppinauti, vöru hans eða þjónustu. Í bréfi sínu til Neytendastofu bendi Sigurður Þór á að með ummælunum hafi hann lýst staðreyndum um rekstrarsögu verslunarinnar Buy.is og þeirra félaga sem staðið hafi að baki versluninni. Hafi ýmis gögn verið lögð fram því til stuðnings. Beri að fallast á röksemdir Sigurðar Þórs að upplýsingarnar séu almenns eðlis og á allra færi að nálgast sem vilja hafi til þess. Þá séu ummælin ekki jafn afdráttarlaus og þau ummæli sem fjallað hafi verið um í ákvörðun Neytendastofu nr. 47/2012 og sé ekki hægt að líta svo á að með þeim sé vegið að keppinauti og fyrirsvarsmanni hans með ósanngjörnum hætti.
16. Þau ummæli sem fjallað hafi verið um í ákvörðun Neytendastofu nr. 47/2012 hafi innihaldið ásakanir og fullyrðingar um lögbrot og önnur gífurlyrði í garð kæranda. Ummælin sem nú séu til umfjöllunar séu annars eðlis og af vægari toga. Því til viðbótar séu ummælin studd gögnum og byggist að mestu leyti á túlkun þeirra. Þó að draga megi þá ályktun að með ummælunum hafi verið vísað til kæranda hafi aftur á móti hvorki verið um að ræða beinar aðdróttanir í garð kæranda né fullyrðingar um lögbrot eða jafn alvarleg gífurlyrði og hin eldri ákvörðun hafi varðað. Að þessu virtu sé það mat Neytendastofu að hin umþrættu ummæli Sigurðar Þórs um kæranda á vefsvæðinu vaktin.is feli ekki í sér brot á 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 og sé því ekki ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar.

17. RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

18. Í kæru, dags. 10. nóvember 2013, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og Sigurði Þóri ákveðin viðurlög vegna háttsemi þeirrar sem í ákvörðuninni greini. Í kærinni er síðan tekið fram að með hinni fyrri ákvörðun Neytendastofu nr. 47/2012 hafi því verið slegið föstu að nánar tiltekin ummæli Sigurðar Þórs hafi falið í sér brot á ákvæðum laga nr. 57/2005, en honum hafi þó ekki verið ákveðin viðurlög vegna háttseminnar. Hafi þó verið upplýst að hugsanlega yrði gripið til viðurlaga léti hann ekki af háttsemi sinni. Þrátt fyrir þetta hafi Sigurður haldið uppteknum hætti.
19. Ummælin, sem deilt sé um í máli þessu, feli í sér brot á lögum nr. 57/2005 og jafnframt ákvörðun Neytendastofu nr. 47/2012. Þetta sé sérstaklega augljóst varðandi ummæli Sigurðar

frá 10. janúar 2013 þar sem hann hafi sagt: „Fluttur í sama húsnæði og sömu hæð og buy.is. Kraftkaup var að selja heilan helling fyrir Friðjón fyrir jól undir fölsku merki og auðvitað vörur sem enginn skattur var greiddur af“. Tilvitnuð orð vegi með beinum hætti að kæranda, vörum hans og þjónustu. Þá séu ummælin bæði ósanngjörn og ósönn. Þegar slík ummæli séu látin falla eftir að Neytendastofa hafi áður aðvarað og bannað viðkomandi viðskiptahætti sé enn frekari ástæða til aðgerða.

20. Með bréfi, dags. 14. nóvember 2013, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 29. nóvember 2013, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar er fyrst vísað til þeirra ummæla, sem kærandi hafi dregið sérstaklega fram í fyrrgreindu bréfi, og varðað hafi m.a. fullyrðingu um að „Kraftkaup hafi verið að selja fyrir Friðjón undir fölsku merki“. Umrædd ummæli hafi verið látin falla 10. janúar 2013 á heimasvæði tiltekins einstaklings á Facebook og sett fram í nafni Sigurðar Þórs. Neytendastofa hafi ekki talið að ummælin hafi verið sett fram í samkeppnislegum tilgangi.
21. Virkni samskiptaforritsins Facebook þarfnist ekki ítarlegra útskýringa. Þó sé rétt að taka fram að almennt séu heimasvæði einstaklinga á umræddum miðli, og það efni sem þar komi fram, hvorki aðgengileg né sýnileg öllum heldur aðeins takmörkuðum hópi notenda sem einstaklingurinn stjórnir að einhverju leyti sjálfur. Skilja verði að einhverju leyti á milli persónulegrar háttsemi einstaklinga sem stundi atvinnurekstur og háttsemi þeirra í nafni þess fyrirtækis sem þeir tengist. Þessir einstaklingar verði að njóta einhvers svigrúms og möguleika til skoðanaskipta í sínu eigin nafni án þess að vera samkenndir því fyrirtæki sem þeir tengist. Sé það mat Neytendastofu að ef samkenna ætti öll ummæli einstaklinga sem stundi atvinnurekstur við það fyrirtæki sem þeir reki væri vegið alvarlega að stjórnarskrárbundnu tjáningarfrelsi þeirra einstaklinga, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
22. Ítrekað skuli að Neytendastofa hafi ekki lagt sérstakt mat á efni tilvitnaðra ummæla og hafi þannig ekki útilokað að þau gætu talist brot gegn öðrum lögum. Hins vegar hafi stofnunin ekki talið þau hafa verið sett fram í samkeppnislegum tilgangi og af þeim sökum ekki brot gegn ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Hvað varði önnur ummæli Sigurðar Þórs skuli tekið fram að að þau hafi lýst staðreyndum um rekstrarsögu verslunarinnar Buy.is og þeirra félaga sem staðið hafi að baki henni. Efni ummælanna hafi byggt á upplýsingum sem væru almenns eðlis og á allra færi að nálgast. Þá hafi ummælin ekki verið jafn afdráttarlaus og þau ummæli sem fjallað hafi verið um í hinni eldri ákvörðun nr. 47/2012, þar sem um hafi verið að ræða ásakanir og fullyrðingar um lögbrot og önnur gífuryrði í garð kæranda. Ummælin hafi verið annars eðlis og studd gögnum og hafi þar hvorki verið um að ræða beinar aðdróttanir í garð kæranda né fullyrðingar um lögbrot eða jafn alvarleg gífuryrði og eldri ákvörðunin hafi varðað.

23. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 20. desember 2013, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Með tölvubréfi lögmanns kæranda, dags. 10. janúar 2014, var óskað eftir fresti til þess að skila athugasemdum en með öðru tölvubréfi, dags. 10. febrúar 2014, var því lýst yfir að kærandi teldi ekki ástæðu til að koma að frekar athugasemdum í málinu.
24. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til lögmanns Sigurðar Þórs, dags. 25. febrúar 2014, var óskað eftir afstöðu Sigurðar til kærunnar. Svar barst með bréfi, dags. 6. mars 2014, þar sem tekið er fram að fallist sé á rökstuðning Neytendastofu í hinni kærðu ákvörðun og greinargerð stofnunarinnar til áfrýjunarnefndarinnar. Máli sínu til frekari stuðnings vísi Sigurður til bréfs til Neytendastofu, dags. 26. janúar 2013 og þeirra gagna sem fylgt hafi því.
25. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til kæranda, dags. 20. mars 2014, var honum boðið að koma að athugasemdum sínum við ofangreint bréf lögmanns Sigurðar. Ekkert svar barst frá kæranda.

NIÐURSTAÐA

26. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu þar sem ekki var talin ástæða til aðgerða vegna nánar tilgreindra ummæla Sigurðar Þórs um kæranda og fyrirtæki hans á vefsvæðinu www.vaktin.is og á samskiptaforritinu Facebook. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að Sigurði Þóri verði ákveðin viðurlög vegna ummælanna.
27. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum í tengslum við viðskipti með vöru eða þjónustu. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er síðan nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Þá er í 2. mgr. 6. gr. laganna kveðið á um að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 56/1978, þar sem finna mátti samsvarandi ákvæði, var tekið fram að ótilhlýðilegt form gæti t.d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum keppinautum. Þá er í ritinu Neytendaréttur eftir Ásu Ólafsdóttur og Eirík Jónsson rakin sjónarmið í tengslum við hliðstætt ákvæði í dönskum rétti og bent á að þar sé m.a. nefnt sem dæmi að undir ákvæðið geti fallið tilvik þar sem vörur samkeppnisaðila séu sýndar í sérstaklega óhagstæðu ljósi. Ennfremur verður af orðalagi ákvæðisins ráðið að bannið einskorðast ekki við beinar auglýsingar heldur einnig aðrar viðskiptaaðferðir eða upplýsingar sem settar eru fram í viðskiptalegum tilgangi.
28. Í hinum umþrættu ummælum, sem birtust annars vegar á vefsvæðinu www.vaktin.is og hins vegar á heimasvæði tiltekins einstaklings á Facebook, var m.a. tekið fram að gert hefði verið árangurlaust fjárnám hjá þremur félögum tengdum kæranda og að í kjölfarið hafi hann stofnað ný félög. Samkvæmt lögum fái öll félög, sem séu skuldlaus við tollinn næstum ótakmarkaða

fyrirgreiðslu hjá ríkinu í 2 mánuði fyrir tollum, virðisauka og vörugjöldum, en „sé skuldin ekki greidd á gjalddaga lokist hún“. Á vefsvæðinu www.vaktin.is er ennfremur að finna eftirfarandi ummæli Sigurðar: „Það væri lúxus að standa í samkeppni og þurfa ekki að borga aðflutningsgjöld með kennitölubrellum, þá væri ekkert mál að vera alltaf ódýrastur og samt græða helling, en ég mun aldrei fara inná þá braut enda er ég að reka mitt fyrirtæki til frambúðar en ekki fyrir skjótfenginn gróða sem skilur eftir sig rústir og sár á kostnað annarra, en sumum hér á vaktinni finnst síðari kosturinn betri því þá geta þeir fengið lægra verð.“

29. Tilvitnuð ummæli, ein sér og í samhengi við önnur ummæli Sigurðar á áður nefndu vefsvæði greinda daga, verða ekki skilin öðruvísi en svo að með þeim hafi Sigurður fullyrt að kærandi komist hjá því að greiða lögbundin aðflutningsgjöld í starfsemi sinni með því að færa reksturinn á milli mismunandi kennitalna, eða með svokölluðu kennitöluflakki. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður ekki fallist á það mat Neytendastofu að ummælin hafi einvörðungu stafað frá Sigurði Þóri persónulega og þannig ekki tengst fyrirtæki hans, www.iphone.is. Aðilar málsins, sem ráku vefsíðurnar www.iphone.is og www.buy.is þegar atvik máls þessa áttu sér stað, hafa lengi átt í harðri samkeppni og báðir látið fjölda ummæla falla um fyrirtæki hvors annars á internetinu. Þannig liggja t.d. þegar fyrir þrjár ákvarðanir Neytendastofu vegna ummæla sömu aðila, svo og úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. úrskurður 15. apríl 2014 (7/2013), þar sem því hefur verið slegið föstu að viðkomandi ummæli hafi verið viðhöfð vegna og á vegum fyrirtækja aðilanna og átt rætur að rekja til samkeppni þeirra.
30. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála eru engin efni til að líta með öðrum hætti á ummælin í máli þessu. Er enda ekkert fram komið í málinu sem rennir stoðum undir annað en að Sigurður hafi beinlínis viðhaft ummælin vegna vefsíðunnar www.iphone.is, líkt og í fyrri deilum aðilanna á internetinu. Þrátt fyrir að almennt verði að líta svo á að starfsmenn fyrirtækja, sem tjái sig persónulega utan vinnu og án nokkra tengsla við störf sín, teljist tjá sig í eigin nafni og á sína eigin ábyrgð, án þess að það komi til kasta laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, háttar samkvæmt framansögðu þannig til í máli þessu að ekki verður skilið á milli ummæla Sigurðar sem persónu og tengsla hans við www.iphone.is sem fyrirsvarsmaður fyrirtækisins.
31. Kemur þá til skoðunar hvort áðurgreind ummæli feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Líkt og réttilega greinir í hinni kærðu ákvörðun koma ákvæði laganna ekki í veg fyrir að fyrirtæki tjái sig um keppinauta sína eða viðskiptahætti þeirra. Raunar er þetta frelsi almennt nokkuð rúmt. Þannig hefur 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 m.a. verið skýrð svo að einstaklingum sé játað rúmt frelsi til þess að greina frá upplýsingum, s.s. um einstök fyrirtæki eða aðra einstaklinga, sé þess á annað borð gætt að upplýsingarnar séu réttar. Leiðir m.a. af þessu að fyrirtæki, sem þurfa að einhverju leyti að þola harða gagnrýni eða umræður á opinberum vettvangi, mega undir ákveðnum kringumstæðum búast við að rætt sé um viðkvæm málefni þeirra á borð við fjárhagsstöðu eða gjaldþrot.

32. Með lögum nr. 57/2005 eru hins vegar að nokkru leyti reistar skörður við því að fyrirtæki geti, í innbyrðis samkeppni, ráðist með auglýsingum sínum eða öðrum viðskiptaaðferðum að öðru fyrirtæki með ómálefnalegum og meiðandi hætti. Þrátt fyrir að almenn þjóðfélagsumræða um fjárhagsmálefni fyrirtækja sé heimil öllu jöfnu girða framangreind ákvæði laga nr. 57/2005 fyrir að einstaklingur eða fyrirtæki í atvinnurekstri ráðist með beinum hætti að keppinauti í því skyni að skaða samkeppnisstöðu þess á markaði. Er óumdeilt að ákvæði laganna uppfylla skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um nauðsyn takmörkunar tjáningarfrelsis í þágu réttinda annarra, og ljóst að bæði í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið gengið út frá því að rúmt svigrúm sé til mats á nauðsyn takmörkunar viðskiptalegrar tjáningar. Lög nr. 57/2005 hvíla enda að verulegu leyti á samevrópskum reglum um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sem fela m.a. í sér margvíslegar takmarkanir á auglýsingum sem hafa verið taldar standast tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 21. september 2012 (17/2012).
33. Með hliðsjón af innihaldi og framsetningu ummæla Sigurðar, sem fólu samkvæmt framansögðu m.a. í sér fullyrðingar um meint lögbrot, og fyrri sögu aðila, er það mat áfrýjunarnefndar neytendamála að umrædd ummæli Sigurðar hafi, hvað sem líður sannleiksgildi þeirra, falið í sér brot gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, sbr. og 5. gr. sömu laga. Ummælunum var enda beint að kæranda, til þess fallin að skaða stöðu hans á markaði og verða ekki réttlætt með vísan til almennrar þjóðfélagsumræðu um fjárhagsstöðu einstakra fyrirtækja. Verður því að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi. Þá þykir með vísan til a. liðar 1. mgr. 22. gr. b laganna, fyrri stjórnarsýsluframkvæmdar, sbr. m.a. áðurnefndan úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 15. apríl 2014 (7/2013), og almennra reglna stjórnarsýsluréttar um valdheimildir æðra settra stjórnvalda á kærustigi, rétt að leggja stjórnvaldssekt á Sigurð að fjárhæð kr. 150.000.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi og Sigurði Þóri Helgasyni gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 150.000, sbr. a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu úrskurðarins.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir